

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

Um iðnnám fer eftir námsskrá sem sett skal að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti og hlutaðeigandi fræðsluráð og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólalahalds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð fyrir með stofnun nýrra skóla eða með sameiningu tveggja eða fleiri skóla hafi samvinna tekist um það með eignaraðilum skólanna. Skipting stofnkostnaðar fari þá eftir samkomulagi er gert skal milli menntamálaráðuneytisins og annarra fjárhagsaðila skólans og miðist við stofnkostnaðarskiptingu í gildandi lögum um þá skólabætti sem falla undir fjölbrautaskóla á hverjum stað. Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjármálaráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum.

Menntamálaráðuneytið ákveður verkefni og verkaskiptingu milli þeirra stofnana sem starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lagaákvæði þessi raska ekki þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla, þ. e. í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samhljóða frv. var lagt fyrir 97. löggjafarþing en varð eigi útrætt. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Lög um heimild til að stofna fjölbrautaskóla eru nr. 14 frá 13. apríl 1973. Hefur síðan verið unnið að framkvæmd þessara laga. Samningur hefur verið gerður milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um fjölbrautaskóla í Breiðholti og milli ráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar um að Flensborgarskóli verði fjölbrautaskóli. Unnið er að undirbúningi kennslu í formi fjölbrautaskóla víðar á landinu.

Við undirbúning þennan hefur komið í ljós að æskilegar eru nokkrar breytingar á lögunum til þess að auðvelda framkvæmd þeirra og stuðla að því að með þeim verði náð settu marki. Er frumvarp þetta lagt fram í þeim tilgangi.

Nauðsyn ber til að breyta lögum nr. 14/1973 til að kveða skýrar á um gerð námsskrár iðnbrauta og að um atvinnuréttindi iðnnema frá fjölbrautaskóla gildi sömu ákvæði og um aðra iðnnema. Ákveða þarf einnig að sama greiðsluþáttaka af hendi rikissjóðs og sveitarfélaga gildi um þá námsþætti sem fram fara í fjölbrautaskólum og nú er þar sem námið fer fram, t. d. í iðnskólum (50%) og menntaskólum (100%).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í lögum nr. 14/1973, sem að meginefni fjalla um fjölbrautaskóla á vegum menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, er tekið fram að umrædd menntastofnun eigi að veita nemendum „menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum“ og hið sama á að gilda um aðra skóla sem starfræktir eru á grundvelli nefndra laga. Í samningi menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um stofnun fjölbrautaskóla í Breiðholtshverfi, en sá samningur var undirritaður 16. október 1973, er svo mælt að nemendur eigi kost á „að ljúka skilgreindu námi er veiti þeim tiltekin réttindi eða tiltekna starfshæfni“ (úr 2. grein þar sem námsbrautir skólans eru taldar upp, þar á meðal svokölluð „iðnaðar- og iðjubraut“). Hliðstætt ákvæði er í samningi ráðuneytisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 22. apríl 1975 um fjölbrautarnám í Flensborgarskóla.

Viðbót sú, sem lagt er til að komi við 3. grein laganna, er skýring á því hversu haga skuli skipulagningu ákveðinna námsbrauta sem frá upphafi var áformað að yrðu mikilvægur þáttur í starfsemi fjölbrautaskóla, þ. e. a. s. iðnfræðslubrautanna. Er hér kveðið svo á að nefndar brautir verði skipulagðar á hliðstæðan hátt og aðrir iðnfræðsluskólar. Tekið er fram að námsskrá iðnfræðslunnar í fjölbrautaskólum skuli sett samkvæmt tillögum og að höfðu samráði við þá aðila er veita réttindi annars vegar en ákvarða kröfur um kunnáttu og hæfni hins vegar. Er gert ráð fyrir aðild fræðsluráða í hverju fræðsluumdæmi og er það í samræmi við þá breytingu sem er að verða á skipan fræðslumála í landinu almennt með dreifingu valds og ábyrgðar og aukinni hlutdeild hinna ýmsu byggðarlaga. Sérstaklega er tekið fram í viðbótinni við 3. gr. að við námsskipan iðnfræðslunnar verði kveðið á um samstarf atvinnulífs og þeirra skóla er þá fræðslu annast. Hér er um veigamiknið atriði að ræða sem haft getur í för með sér aukið hagræði og sparnað í sambandi við tækjabúnað. Ætlast er til að nemendur komist á námstímanum í snertingu við atvinnulífið og að vinnumarkaðurinn hafi að ákveðnu marki aðstöðu til að móta þá fræðslu sem veitt er en gefi þá nemendum einnig kost á þeirri sérhæfingu

og sérþjálfun sem erfitt er eða ógerlegt að veita í skólum. Þau tengsl iðnfræðslu-skóla og atvinnulífs, sem hér er stefnt að, hafa það í för með sér að kennarar skólanna þurfa að hafa meðalgöngu og annast verkefni sem ekki hafa áður í neinum mæli verið gerðar kröfur til hér á landi en mikil og góð reynsla hefur fengist af í öðrum löndum. Í Iðnskólanum í Reykjavík hefur verið gerð hliðstæð tilraun í útvarpsvirkjun sem hefur gefið góða raun. Sem eðlilegt framhald af ákvæðum um skipan iðnnáms í fjölbrautaskólum er svo í síðustu málsgrein viðbótarinnar tekið fram að sömu ákvæði skuli gilda um atvinnuréttindi nemenda á iðnfræðslubrautum fjölbrautaskóla og annarra er iðnfræðslunám stunda. Afla skal tillagna iðnfræðsluráðs um skipan námsins og einnig hafa samráð við iðnaðarráðuneyti til þess að tryggja að fullnægt verði þeim skilyrðum er iðnaðarráðuneytið setur fyrir veitingu nefndra réttinda.

Um 2. gr.

Þegar upphaflega var samið frumvarp til laga um heimild til að stofna fjölbrautaskóla var ætlunin að sú heimild næði einungis til stofnunar eins slíks skóla í Reykjavík. Í því frumvarpi var það ákvæði að ríkissjóður greiddi 60% af stofnkostnaði skólans en 40% greidd af Reykjavíkurborg. Þetta ákvæði er í gildandi lögum.

Á sínum tíma var þessi kostnaðarskipting ákveðin með hliðsjón af áætlun um fjölda nemenda í skólanum og skiptingu hans á námsbrautir. Var þá við það miðað að raska sem minnst þeirri kostnaðarskiptingu sem orðið hefði milli ríkis og Reykjavíkurborgar ef byggt hefði verið yfir þessa sömu nemendur eftir gildandi ákvæðum um sérskóla og aðra skóla sem fjölbrautanámið nær til.

Síðar, þegar breytt var til á þann veg að heimildin var ekki eingöngu takmörkuð við skóla í Reykjavík, var ákvæði þetta einnig látið ná til annarra byggðarlaga. Þær athuganir, sem síðan hafa farið fram á möguleikum á að koma á fjölbrautanámi utan Reykjavíkur, hafa staðfest að aðstæður þar eru vitanlega mjög frábrugðnar því sem er í Reykjavík. Samsetning fjölbrautanámsins og það svið, sem það tekur til, yrði í fæstum tilfellum hið sama. Skipting stofnkostnaðar í hlutföllunum 60 á móti 40 yrði flestum sveitarfélögum óhagstæðari en skipting sem reiknuð yrði út á sömu forsendum og gert var við fyrirhugaðan skóla í Breiðholti í Reykjavík enda var því lýst yfir að kostnaðarhlutföllum þyrfti að breyta.

Nauðsynlegt er að ákvæði um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna náms á framhaldsskólastigi verði innan tíðar tekin til endurskoðunar og þau samræmd. Ekki eru augljósar forsendur fyrir því að mismunandi ákvæði gildi um mismunandi tegundir skóla. Endurskoðun þessi er þó viðameiri en svo að hún verði unnin á stuttum tíma. M. a. er hún tengd breytingum á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, breytingum á tekjustofnum þessara aðila og breytingum á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála.

Breyting á ákvæðum um kostnaðarskiptingu í lögum um heimild til að stofna fjölbrautaskóla getur þó ekki beðið slíkrar heildarendurskoðunar. Nauðsynlegt er að unnt verði að vinna áfram að bættri námsaðstöðu á framhaldsskólastigi utan Reykjavíkur. Lögin um fjölbrautaskóla eru á margan hátt ákjósanlegur grundvöllur til slíks en óneitanlega er gildandi kostnaðarákvæði þar nokkur þrándur í götu.

Að undanfögnu hefur verið unnið að endurskoðun framhaldsskólastigsins í heild og áætlanagerð um framhaldsnám í formi fjölbrautaskóla á nokkrum stöðum. Má þar nefna Selfoss, Keflavík og Austurland með skólakjarna á Egilsstöðum. Auk þess hefur verið ákveðið að koma á fót fjölbrautanámi í Kópavogi og fleiri staðir koma einnig til greina. Hve víðtækt fjölbrautanámið verður, fjöldi námsbrauta o. s. frv. kann að verða nokkuð mismunandi. Ræðst það m. a. af stærð þess svæðis sem skólanum er ætlað að þjóna, atvinnuháttum þar og því hvaða skólastofnanir eru þar fyrir. Því er nauðsynlegt að nokkur sveigjanleiki sé í lögum um kostnaðarskiptingu svo að hægt sé að beita þeim í samræmi við aðstæður á hverjum stað og er það tilgangur þessa ákvæðis frumvarpsins.

Ljóst er að staðhættir hér á landi takmarka stærð skóla og þar með möguleika þeirra á að bjóða nemendum margar námsbrautir. Nauðsynlegt er því að framhaldsskólar á hverju svæði um sig séu skipulagðir sem ein samstarfsheild með þeirri verkaskiptingu sem best hæfir á hverjum stað.

Í 2. gr. er ákveðið að samningur um stofnun fjölbrautaskóla sé háður samþykki fjármálaráðuneytisins eða fjárveitingu í fjárlögum. Er þetta gert til þess að unnt sé með samþykki fjármálaráðuneytisins að semja um stofnun fjölbrautaskóla þótt eigi séu þá tæk á að afla heimildar með fjárveitingu sem að jafnaði yrði gert. Sem dæmi má nefna að æskilegt þykir að koma nú þegar á fót fjölbrautaskóla fyrir Suðurnes í Keflavík en fjárlög 1976 löngu afgreidd.

Um 3. gr. og ákvæði til bráðabirgða.
Þarfnast ekki skýringa.“